INNRÁSIN FRÁ MARS

H.G. WELLS

Friðrik Erlingsson þýddi endursögn Eric Brown
Myndskreytingar eftir Felix Bennett

REAL READS

TIL NEMANDA

Þessi bók er eign skólans þíns og þú hefur hana að láni. Bækur eru dýrar og því mikilvægt að farið sé vel með þær. Gættu þess vel að skrifa ekki í þessa bók.

Skóli			Bók nr. Tekin í notkun	
Nemandi/bekkur	Útlán: dags.	Ástand	Skil: dags.	Ástand

1) Nafn nemanda skal greinilega skrifað í línurnar hér að ofan.
2) Ástandi bókar við útlán og skil skal lýst þannig:
   N: ný bók, G: gott, S: sæmilegt, L: lélegt.

INNRÁSIN FRÁ MARS

EFTIR H.G. WELLS

real reads

Friðrik Erlingsson þýddi endursögn Eric Brown
Myndskreytingar eftir Felix Bennett

NÁMSGAGNASTOFNUN

Innrásin frá Mars

ISBN 978-9979-0-1449-2
© Real Reads. Titill á frummáli: The War of the Worlds – H. G. Wells.
Þessi útgáfa af *Innrásin frá Mars* er gefin út skv. samningi við
Real Reads Ltd.
© Stytting á enskum texta: Eric Brown 2008
© Myndir: Felix Bennet 2008
© Íslensk þýðing og staðfæring: Friðrik Erlingsson 2010
Ritstjóri íslensku þýðingarinnar: Sigríður Wöhler
Yfirlestur: Þórdís Guðjónsdóttir

1. útgáfa 2010
Námsgagnastofnun, Kópavogi

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda, þýðanda og útgefanda.

Hönnun: Lucy Guenot
Umbrot: Námsgagnastofnun
Prentun: Oddi ehf.

EFNISYFIRLIT

Persónur 4

Innrásin frá Mars 7

Meira um söguna 55

PERSÓNUR

Sögumaðurinn

verður vitni að innrás Marsbúa.
Á hann nokkurn tímann eftir
að líta lífið sömu augum?

Eiginkona sögumanns

flýr til næsta bæjar, Leatherhead,
en er hún óhult þar?
Munu þau hjónin ef til vill
aldrei sjást framar?

Presturinn

er skelfingu lostinn. Mun óttinn
auka enn á vandræði hans og
sögumanns?

Skyttan

er góður hermaður. Getur mannkynið treyst slíkum mönnum til að sigrast á innrásarhernum?

Ogilvy

er með þeim fyrstu sem bjóða Marsbúana velkomna. En sleppur hann lifandi frá því?

Marsbúarnir

hafa flúið hina óbyggilegu plánetu og vilja setjast að á jörðinni. Geta þeir lifað í friði með mönnum eða verður mannkynið að berjast fyrir tilveru sinni? Hvernig drepur maður Marsbúa?



INNRÁSIN FRÁ MARS

Við lok nítjándu aldar grunaði engan að háþróaðar vitsmunaverur úti í geimnum litu plánetu okkar öfundaraugum og hugsuðu okkur þegjandi þörfina. Plánetan Mars fer umhverfis sólu í rúmlega tvö hundruð og þrjátíu milljón kílómetra fjarlægð. Þar er bæði andrúmsloft og vatn og annað það sem lífverur þurfa á að halda. En plánetan hefur kólnað á þúsundum ára, loftið hefur þynnst og höfin þurrkast upp. Mars er að deyja hægum dauða. Marsbúarnir beindu leitandi sjónum út yfir geiminn, komu auga á hina hlýju og vatnsríku jörð – og lögðu á ráðin um innrás.

Nótt eina, fyrir sex árum, urðu stjörnufræðingar á jörðu varir við mikla gassprengingu á yfirborði Mars. Í sjónaukum sínum sáu þeir logandi flykki stefna hraðbyri í átt til jarðar. Dagblöðin sýndu þessum tíðindum lítinn áhuga, og því höfðu fæstir jarðarbúar hugmynd um þær hörmungar sem biðu þeirra.

Þá nótt kom ég auga á fyrirbærið í sjónauka vinar míns, Ogilvy stjörnufræðings. Og næstu tíu nætur, á nákvæmlega sama tíma, sáum við, og aðrir þeir sem fylgdust með, sama fyrirbæri endurtaka sig. Logandi flykki stefndi í átt til jarðar, eitt á hverri nóttu.

Mér fannst þessi fyrirbæri heillandi og mér kom ekki til hugar að Marsbúar hefðu skotið flugskeytum að okkur, sem stefndu nær og nær á þúsund kílómetra hraða. Mig grunaði ekki hvað þessir logafleygar áttu eftir að valda mikilli skelfingu og dauða á jörðinni. Á hverju kvöldi fór ég heimleiðis frá stjörnuathugunarstöð Ogilvy, í traustbyggða húsið mitt til elskulegrar eiginkonu minnar. Lífið var öruggt og friðsælt.

En þá kom nóttin þegar fyrsta stjörnuhrapið sást með berum augum: logandi strik hátt á himni. Langt fyrir neðan, í Lundúnum og sveitahéruðum Surrey, sváfu hundruð þúsunda friðsælum svefni.

Ogilvy var sannfærður um að loftsteinn hefði fallið til jarðar. Næsta morgun reis hann árla úr rekkju og hélt af stað í rannsóknarleiðangur. Stór gígur blasti við, á grasi grónu engi fyrir utan bæinn, líkt og geysiöflug sprenging hefði tætt jörðina í sundur, svo að sandur og möl dreifðust yfir stórt svæði. Umhverfis gíginn stóð kjarrið sums staðar í ljósum logum. Loks kom hann auga á furðuhlutinn sem stóð hálfur upp úr gígnum. Þetta var járnhólkur,

um það bil þrjátíu metrar að þvermáli. Einhver hljóð bárust innan úr hylkinu og Ogilvy varð samstundis ljóst að þetta var ekki loftsteinn.

„Almáttugur," stundi hann. „Það eru einhverjir þarna inni. Þeir eru að steikjast lifandi og verða að komast út."

Hann reyndi að komast nær en varð að hörfa undan þeim gríðarlega hita sem geislaði út frá sívalningnum. Þá snerist hann á hæli og hljóp eins hratt og fætur toguðu til næsta bæjar í von um aðstoð. Hann kom að húsi þar sem kunningi hans, Henderson blaðamaður, átti heima.

„Henderson," hrópaði hann. „Sástu loftsteininn hrapa í gærkvöldi?"

„Er eitthvað merkilegt við það?" spurði Henderson.

„Hann lenti á Horsell-engi. En þetta er ekki loftsteinn. Þetta er hylki! Og það eru einhverjir inni í því. Ég er að velta fyrir mér hvort þetta tengist blossunum á Mars."

Ogilvy lýsti vandlega öllu sem hann hafði séð.

Það tók Henderson svolitla stund að átta sig á

mikilvægi málsins en svo kippti hann jakkanum af stólbakinu. Mennirnir tveir flýttu sér út á engið og komu að gígnum þar sem hylkið lá. Hljóðin að innan voru þögnuð, en skínandi málmhringur var kominn í ljós rétt við oddlaga framhluta hylkisins. Hávært hvæs gaf til kynna að loft væri annaðhvort að þrýstast út eða sogast inn við brún hringsins. Þeir bönkuðu á hylkið með spýtu og hlustuðu vandlega. En þegar engin viðbrögð bárust að innan sannfærðust þeir um að hverjir svo sem væru þar inni væru steindauðir. Þeir gátu ekkert aðhafst frekar svo þeir sneru aftur til bæjarins. Henderson fór rakleiðis á lestarstöðina að símsenda fréttina til Lundúna.

En tíðindin bárust frá manni til manns, mun hraðar en frásagnir dagblaðanna, og um áttaleytið sama kvöld hafði hópur fólks safnast saman við gíginn til að skoða ‘dauðu mennina frá Mars’.

Snemma næsta morgun flýtti ég mér út á engið. Mikill mannfjöldi var samankominn og fylgdist með Ogilvy og Henderson, ásamt nokkrum verkamönnum með skóflur og haka að vopni. Þeir höfðu mokað jarðveginum að mestu frá hylkinu en neðri hlutinn var enn niðurgrafinn.

Ég tók eftir hreyfingu við oddlaga framhluta hylkisins. Fremsti hluti þess snerist ofurhægt.

Ogilvy og hinir klifruðu upp úr gígnum. „Detti mér nú allar dauðar lýs úr höfði!“ hrópaði Ogilvy. „Færið ykkur frá! Við vitum ekki hvað kemur út úr þessum fjárans hlut!“

Tvö eða þrjú hundruð manns voru nú við gíginn og fylgdust með. Fremsti hlutinn skrúfaðist út úr hylkinu uns hann féll til jarðar með háu glamri.

Ég tók eftir hreyfingu í skugganum innan við opið. Þar grillti í gráleita arma og tvö glóandi augu. Þetta var líkast gráum snáki að hringa sig upp og svo fylgdi annar á eftir. Mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds. Kona öskraði hástöfum fyrir aftan mig. Á meðan ég ruddi mér leið frá

gígbrúninni sá ég undrunina á andlitum fólksins í kringum mig breytast í skelfingu.

Þykkur og grár búkur mjakaði sér út um opið á hylkinu. Þegar birtan féll á húðina glansaði hún eins og blautt leður. Tvö stór og myrk augu horfðu rannsakandi á mannfjöldann umhverfis. Kvikindið var með hnattlaga höfuð og varalausan v-laga munn sem iðaði og másaði og slefaði. Þeir sem hafa aldrei augum litið lifandi Marsbúa geta ekki ímyndað sér hryllinginn sem fylgdi þessari sýn.

Brúnleit og slepjuleg húðin glansaði eins og skinn á blautum sveppi, klunnaleg

skepnan virtist vera illskan sjálf, holdi klædd.

En jafnskjótt var skrímslið horfið. Það hafði fallið út úr sívalningnum og ofan í gryfjuna. Það gaf frá sér lágvært urr – og þá birtist annað kvikindi í opi sívalningsins. Ég hljóp í áttina að trjálundi, í um hundrað metra fjarlægð og fylgdist með gryfjunni þaðan. Allt var með ró og spekt um stund. Sólin settist og rökkrið lagðist yfir. Þá sá ég lítinn hóp manna koma gangandi frá þorpinu og fyrirliðinn hélt á hvítum fána. Síðar frétti ég að bæjarbúar hefðu skotið á ráðstefnu í flýti. Þar sem Marsbúarnir voru augljóslega vitsmunaverur höfðu menn ákveðið að taka á móti þeim með hinu alþjóðlega tákni, hvítum friðarfána, til að sýna þeim að við værum einnig vitsmunaverur. Bæði Henderson og Ogilvy fylgdu móttökunefndinni.

Skyndilega birtist skær blossi og grænleit reykjarslæða liðaðist

upp úr gryfjunni í þremur reykjarbólstrum. Reykurinn steig ofar og græn birta féll á andlitin í hópnum. Einhver hvolflaga hlutur reis hægt upp úr gryfjunni og örþunnur ljósgeisli skaust út frá honum.

Þá blossaði upp eldur sem læsti sig í hvern manninn á fætur öðrum. Það var engu líkara en ósýnilegur neisti hefði lent á hverjum þeirra svo þeir fuðruðu upp í hvítglóandi bálkesti á svipstundu. Mennirnir kiknuðu í hnjánum og féllu til jarðar og fólkið í kring lagði á flótta.

Fleiri geislar skutust hljóðlaust úr gryfjunni svo fólkið, furutrén og jafnvel nærliggjandi hús stóðu í björtu báli. Brennandi dauði, ósýnilegt og óumflýjanlegt logasverð fór yfir umhverfið. Það var líkt og Marsbúarnir beindu

ógnarheitum fingri í kringum sig, sem brenndi allt sem fyrir varð. Ég sá geislann færast nær eftir því sem runnarnir fuðruðu upp. En ég var svo furðu lostinn að ég gat mig hvergi hrært. Þegar geislinn beindist í áttina að mér, rankaði ég loks við mér og hljóp eins og fætur toguðu og grét eins og barn. Ég dirfðist ekki einu sinni að líta um öxl. Ég man vel hvað tilfinningin var hræðileg. Þrátt fyrir að ég væri kominn í örugga fjarlægð fannst mér eins og hitageislinn dularfulli gæti skotist upp úr gryfjunni og brennt mig til ösku.

Það eina sem ég man af flótta mínum var hamslaus óttinn í brjósti mér þegar ég ruddist milli trjánna og reif mig áfram gegnum þykkt kjarrið. Loks komst ég heim, móður og másandi, og hentist inn í borðstofu svo konu minni krossbrá. Ég settist niður og hellti víni í glas. Þegar ég hafði jafnað mig svolítið sagði ég henni frá öllu sem ég hafði orðið vitni að. Á meðan ég talaði kólnaði kvöldverðurinn á borðinu.

Ég var í áfalli eftir atburði dagsins en reyndi að forðast að koma elskulegri konu minni í uppnám. „Þeir geta sjálfsagt drepið fólk ef það kemur of nærri en ég er sannfærður um að þeir geta ekki skriðið úr gryfjunni. Þetta eru einhver þau mestu slytti sem hægt er að hugsa sér. Þeir eiga enga möguleika á að komast langt eða hreyfa sig að neinu marki; ekki á plánetu sem hefur þrisvar sinnum meira aðdráttarafl en Mars. En almáttugur minn; þvílíkur hryllingur!“

„Hættu nú, elskan mín,“ sagði konan mín. Hún tók róandi um hönd mína en ég sá að hún hafði fölnað. Þótt frásögnin væri kannski lygileg vissi hún vel að ég var ekki að búa þetta til.

„Aumingja Ogilvy,“ sagði ég. „Hugsa sér að hann skuli liggja þarna dauður.“

„Hvað ef þeir koma hingað?“ spurði kona mín.

Ég sagði henni nú frá muninum á aðstæðum okkar og Marsbúa, eins og Ogilvy hafði útskýrt hann fyrir mér, að þyngdaraflið og þéttur lofthjúpur jarðar væri Marsbúunum mjög óhagstæður. „Þeir hafa hagað sér heimskulega,“

sagði ég og fór titrandi fingrum um vínglasið. „Eina hættan sem okkur gæti stafað af þeim er sú að þeir eru óðir af hræðslu. Ef til vill reiknuðu þeir ekki með að finna lífverur á jörðinni. Og svo sannarlega reiknuðu þeir ekki með að finna vitsmunaverur sem gætu svarað fyrir sig.“ Ég fann til meira öryggis og hugrekkis, nú þegar ég hafði notið víns og matar á hlýlegu heimili mínu, og ekki síst eftir að hafa sannfært konu mína um að ekkert væri að óttast.

„Eitt stórt hylki í gryfju,“ sagði ég. „Ef allt fer á versta veg getum við hæglega sprengt það í loft upp ofan í gryfjunni og drepið þá alla.“

Á þessari stundu grunaði mig ekki hversu margir undarlegir og hræðilegir dagar áttu eftir að líða uns ég gæti sest að notalegum kvöldverði á nýjan leik.

Ég svaf illa um nóttina. Ég vaknaði snemma og ákvað að taka mér gönguferð að enginu. Ég mætti

hópi af hermönnum, sem tjáðu mér að engum væri leyft að fara yfir síkið.

„Það féll annað hylki í gærkvöldi, eftir því sem best er vitað," sögðu þeir. „Réttast væri að skríða að þeim í skjóli nætur og stúta þeim!" sagði annar.

„Hvernig líta þeir út?" spurði sá þriðji.

Ég lýsti því sem ég hafði séð.

„Kolkrabbar!" sagði hermaðurinn. „Það getur tæplega verið morð að slátra svoleiðis skepnum!"

Ég kvaddi þá og sneri aftur til bæjarins, öruggari í fasi, úr því að herinn var mættur á

staðinn. Ég kom aftur heim og klukkan þrjú heyrði ég sprengingar í fjarska. Seinna komst ég að því að herinn hafði varpað sprengjum á furulundinn, þar sem seinna hylkið kom niður.

Klukkan sex síðdegis, þegar við hjónin sátum í garðhúsinu, bergmáluðu sprengingar frá enginu. Næstum því samstundis, líkt og verið væri að svara í sömu mynt, heyrðist brothljóð og þakið á nálægu húsi hrundi. Ég greip í handlegg konu minnar og dró hana með mér út á götu. „Við getum ekki verið hér lengur," sagði ég. „En hvert getum við farið?" spurði hún, skelfingu lostin.

„Til frændfólks míns í Leatherhead," svaraði ég. Ég hljóp í áttina að bæjarkránni, því ég vissi að eigandinn átti bæði hest og vagn.

Ég greiddi honum tvö pund og lofaði að skila hvoru tveggja við fyrsta tækifæri. Svo sneri ég heim á leið. Við settum föt í töskur og yfirgáfum húsið. Hitageislar Marsbúanna höfðu lent á trjánum við enda garðsins okkar, svo þau stóðu í ljósum logum. Við stukkum upp í vagninn og ég greip

aktygin. Eftir skamma stund vorum við komin út úr reyknum og hávaðanum, á fullri ferð niður hæðina út úr bænum.

Við náðum til Leatherhead klukkan níu og fengum kvöldverð hjá frændfólki mínu. Klukkan ellefu kvaddi ég konu mína – náföla af skelfingu – og sneri til baka. Hún hefði áreiðanlega beðið mig að fara hvergi, hefði ég ekki þurft að standa við loforð mitt við kráreigandann.

Það var stormur í lofti þegar ég lagði af stað. Við sjóndeildarhring í vestri var blóðrauð glóð og sótsvartur reykjarmökkur reis til himins. Þegar ég nálgaðist bæinn sá ég ljósrönd skera næturmyrkrið og falla til jarðar í austri. Það var þriðja stjörnuhrapið! Skömmu síðar sá ég eitthvað hreyfast niður hæðina, í um það bil fimm kílómetra fjarlægð. Hvernig er hægt að lýsa svona tröllslegu fyrirbæri? Þetta var vélmenni með þrjá fætur, gangandi vél úr glitrandi málmi, miklu hærri en hús. Og inni í vélinni var einn þessara hræðilegu kolkrabbalegu Marsbúa.

Andartaki síðar birtist annað vélmenni, sem ruddist í gegnum skóginn fyrir framan mig – og ég var á hraðferð í áttina að honum!

Ég rykkti í aktygin en hrossið missti fótanna. Vagninn fór á hvolf og ég kastaðist á veginn. Ég brölti á fætur og staulaðist að dauðu hrossinu sem



hafði drepist við fallið. Ég leit upp. Málmrisinn stikaði yfir hæðina fram undan. Um leið og hann fór hjá hljómaði sigurhróp frá honum – 'Alúú! Alúú!' Þegar ég hafði jafnað mig í svolitla stund hljóp ég að húsi mínu.

Loks komst ég heim. Ég skellti í mig einum viskísnafsi og skipti svo um föt. Ég leit út um gluggann og yfir bæinn. Vélmennin voru á hraðferð fram og aftur. Bærinn stóð í björtu báli og nokkur hús í nágrenni við mig voru rústir einar. Þá tók ég eftir hermanni sem staulaðist inn í garðinn minn. Ég hallaði mér út um gluggann og kallaði til hans.

„Komdu inn!"

„Guð minn góður!" stundi hann um leið og ég dró hann inn fyrir.

„Fáðu þér viskí," sagði ég.

Hann tók þakklátur við staupinu og drakk. Svo settist hann niður og grét eins og lítill drengur.

„Við vorum gjörsigraðir!“ sagði hann loks. „Stórskotaliðið mitt – hitageislarnir eyddu því öllu! Marsbúarnir hafa lagt bæinn í rúst – lestarstöðina og öll húsin umhverfis. Ég hef engan séð á lífi.“

Ég reyndi að róa hann og sótti brauð og kjöt svo við gætum nært okkur. Litlu síðar störðum við út um gluggann og virtum fyrir okkur rústirnar af bænum. Aldrei fyrr hafði nokkur her í sögunni valdið svo óskaplegri eyðileggingu á jafn skömmum tíma. Þrír málmrisar stóðu keikir og sneru höfði í allar áttir, líkt og þeir væru að virða fyrir sér með stolti árangur erfiðis síns.

Í dögun ákváðum við að yfirgefa húsið. Ég vildi snúa sem fyrst aftur til Leatherhead og konu minnar. En sá hængur var á að þriðja hylkið frá Mars var staðsett einhvers staðar á milli okkar og Leatherhead, svo ég valdi að sveigja í norður, gegnum Epsom. Þar sem hermaðurinn ætlaði til Lundúna urðum við samferða fyrsta spölinn.

Við lögðum af stað hlaðnir vistum og flýttum okkur niður götuna, fram hjá líkum af bæjarbúum og tókum stefnuna á skóginn. Það var stafalogn og allt var undarlega kyrrt og hljótt. Marsbúarnir sáust hvergi.



Handan við engi nokkurt var löng röð af fallbyssum og skytta stóð við hverja byssu. „Þetta er það sem þarf," sagði ég. „Marsbúarnir munu ekki sleppa svo auðveldlega fram hjá þessum. "

Við komum að Shepperton Lock, þar sem hópur af háværu flóttafólki var samankominn. Þetta var mun stærri hópur en ferjurnar réðu við að flytja yfir Thames-á.

„Hvað var þetta?" kallaði einhver.

Hljóðið heyrðist á ný, ógreinilegir dynkir – fallbyssuskot. Slagurinn var hafinn.

Augnabliki síðar lyftist jörðin undir fótum okkar og loftið nötraði í ægilegri sprengingu.

„Þeir eru komnir!" hrópaði annar.

Þá sá ég fjóra málmrisa stika yfir engin í áttina til okkar. Svo birtist sá fimmti – sá var útbúinn hinum ægilega hitageisla og lagði eld að bænum á svipstundu.

Við störðum í þögulli skelfingu um stund, þar til ég hrópaði: „Stökkvum í ána!" Ég henti mér á bólakaf og fleiri fylgdu á eftir. Þegar ég kom úr kafinu öslaði einn risinn yfir ána. Um leið heyrðust skothvellir frá fallbyssum sem

höfðu verið faldar á bakkanum hinum megin – og ein kúla hitti vélmennið úti í ánni! Við sprenginguna ráfaði það stjórnlaust til hliðar og rakst eins og múrbrjótur utan í háan turn Shepperton-kirkju. Þá loksins féll hervirkið og lá grafkyrrt, ásamt Marsbúanum sem sat við stjórnvölinn.

Ógurleg sprenging kvað við þegar hitageisli frá vélmenninu skaust í ána. Sjóðandi leðja slettist hátt í loft upp. Brennandi heit flóðbylgja færðist hratt upp eftir ánni og fólkið í vatninu kveinaði og öskraði. Ég öslaði sjóðheitt árvatnið og komst yfir á bakkann hinum megin, illa brenndur. Ég var uppgefinn og man óljóst eftir málmhrammi vélmennisins stíga þungt til jarðar örfáa metra frá höfði mínu. Þegar ég leit í kringum mig sá ég tröllin fjögur sem eftir voru hverfa á brott gegnum reykinn. Fyrir kraftaverk eitt hafði ég sloppið lifandi.

Leiðin til Lundúna sóttist seint þar til ég fann yfirgefinn bát. Ég reri burt frá eyðileggingunni, fram hjá brennandi húsum. Ég lét bátinn reka langa stund uns ég kom að Walton. Máttlaus af sótthita dróst ég upp á bakkann og lagðist niður. Ég hlýt að hafa dottað, þar sem ég man ekki eftir að hafa séð prestinn nálgast mig, en þegar ég rankaði við mér sat sótug mannvera við hlið mér.

Augun voru starandi, ljósblá og stór.

„Hvað er að gerast?“ sagði hann titrandi röddu. „Ég var bara á gangi – og þá kom allt í einu eldur, jarðskjálfti, eyðilegging!“

Ég leit á manninn. Svo virtist sem áfallið hefði svipt hann vitinu.

„Hvernig komumst við undan þeim?“ spurði hann. „Þeir eru ósigrandi, miskunnarlausir.“

„Ekki ósigrandi,“ svaraði ég. „Það eru aðeins nokkrar klukkustundir síðan ég sá einn þeirra skotinn niður.“

Hann stökk á fætur. „Hlustaðu!“ sagði hann.

Við heyrðum fallbyssudrunur í fjarska og lágvær, undarleg kvein. Marsbúarnir héldu árásunum áfram.

Síðar frétti ég hvernig bardaginn hafði gengið fyrir sig. Þrjú málmtröll höfðu risið upp úr gryfju sinni og stikað gegnum rústir bæjarins. Samtímis bættust fjórir risar í hópinn. Hver þeirra hélt á einhvers konar svörtum rörum, sem þeir útdeildu til hinna.

Vélmennin sjö létu til skarar skríða. Þau lyftu rörunum hátt á loft og hleyptu úr þeim hylkjum, sem opnuðust um leið og þau féllu til jarðar. Upp af þeim steig hnausþykkur og bleksvartur mökkur, sem lagðist yfir umhverfið á svipstundu og teygði sig út yfir sveitirnar í kring. Hver sá sem komst í snertingu við skýið eða andaði beiskum gufunum að sér var dauðans matur.

Áður en sól reis í dögun lá svartur reykurinn yfir götum Lundúna. Hjálparvana borgarbúar lögðu á flótta eða féllu umvörpum af gaseitrun.



Við presturinn vorum komnir til Kew þegar við komum aftur auga á vélmenni. Dagur var kominn að kvöldi. Lengst í fjarska sáum við það hlaupa uppi fjórar eða fimm manneskjur, sem voru á æðisgengnum flótta. En í stað þess að brenna fólkið með hitageisla, týndi risinn það upp, hvert af öðru, og setti í járnbúr, sem hann bar við hnakkann.



Við stóðum sem lamaðir um stund. Þegar við lögðum aftur af stað velti ég fyrir mér hver yrðu örlög meðbræðra okkar og systra í búrinu. Við hlupum áfram í skjóli við langar raðir af þéttu kjarri og laumuðumst yfir kornakra, á stöðugu varðbergi gagnvart Marsbúunum.

Um miðnætti komum við að mannlausu húsi, umkringdu háum garðvegg. Þar sem hvorugur okkar hafði borðað matarbita tímunum saman, urðum við ósköp fegnir að finna tvö brauð og skinkustykki í eldhúsinu. Við fundum meira að segja bjórflöskur.

Við settumst við eldhúsborðið og rifum í okkur matinn. En við höfðum ekki setið lengi þegar blindandi grænt leiftur fyllti eldhúsið. Snöggur skjálfti skók húsið. Í kjölfarið heyrðist þungt högg um leið og loftið í eldhúsinu hrundi yfir okkur. Ég þeyttist þvert yfir gólfið og hafði næstum rotast.

Þá heyrðist umgangur fyrir utan. „Hvað er þetta?“

„Marsbúi,“ hvíslaði presturinn.

Við bærðum ekki á okkur í marga klukkutíma. Þegar dagur reis sáum við út í gegnum holu í

veggnum hvar málmrisi stóð yfir glóandi hylki, sem hafði eyðilagt megnið af húsinu.

Að utan bárust málmkennd högg og síðan hávært flaut. Þá heyrðust taktfastir dynkir og titringur fór um húsið svo allt lék á reiðiskjálfi. Við héldum kyrru fyrir í langan tíma, þöglir og skjálfandi.

Dagsbirta seytlaði inn um svolítið gat á veggnum. Ég mjakaði mér varlega nær og gægðist út. Hylkið lá í djúpri gryfju og til hliðar stóð málmrisinn, keikur og hár og spyrnti enni



við himin. Í fyrstu tók ég varla eftir gryfjunni og hylkinu vegna þess að athygli mín beindist öll að stórfurðulegu vélvirki og þeim undarlegu kvikindum sem skriðu umhverfis það.

Þetta var þess konar tæki sem síðan hefur verið kallað 'flutningsvél', könguló úr málmi með fimm liðuga fætur, fjölda gírstanga og fálmandi þreifara. Köngulóin var svo snör í snúningum og fullkomin að allri gerð að ég áttaði mig ekki strax á að þetta væri samsett vél. Þrífættu bardagavélarnar voru fjölhæfar og höfðu ótrúlega margbrotna hreyfigetu, en þær virtust stirðbusalegar samanborið við þetta undur. Flutningsvélarnar hreyfðust ekki eins og vélar heldur eins og lifandi krabbar.

Athygli mín beindist nú að Marsbúunum sem skriðu umhverfis gljáandi vélvirkið. Ójarðneskari verur er ekki hægt að hugsa sér. Búkar þeirra voru um það bil metri í þvermál, hnöttóttir og þunglamalegir, með einhvers konar andlit fremst. Engar nasir voru sjáanlegar en augun tvö voru stór og dökk og fyrir neðan var goggur, sem mér virtist vera klæddur þunnri húð. Sextán grannir og

svipulaga þreifarar voru í tveimur iðandi klösum, beggja vegna við munninn.

Þótt mig langaði til að fylgjast betur með þeim þorði ég ekki annað en mjaka mér aftur inn í eldhúsið. Presturinn kraup á bæn og að henni lokinni ætlaði hann aldrei að hætta að kjökra. Hann át meira en ég, svo ég benti honum á að eina von okkar til að lifa af væri að bíða hér í felum þar til Marsbúarnir hyrfu á brott. Við yrðum því að fara sparlega með vistirnar.

Dagar liðu. Presturinn var á gægjum þegar fyrstu mannverurnar voru fluttar að gryfjunni. Hann benti mér á að koma og ég kíkti út. Það var nótt svo ég sá ekki greinilega það sem fram fór, en heyrði lágvært muldur mennskra radda.

Þá birtist vélmenni sem teygði arm sinn aftur fyrir hnakka og dró einhvern út úr járnbúrinu sem þar var staðsett. Veran braust ákaflega um en það var ekki fyrr en vélmennið hafði fært hana til jarðar að ég sá að þetta var maður – ég sá blika á starandi augu og úrkeðjan á vesti hans glitraði.

Um stund var algjör þögn uns hræðilegt öskur

úr mannsbarka kvað við og um leið ánægjublástur frá Marsbúunum. Ég var svolitla stund að átta mig á hvað væri að gerast í raun og veru; Marsbúarnir voru þannig gerðir að þeir urðu að nærast á lifandi holdi annarra lífvera.

Ég tók fyrir eyrun og skreiddist í burt frá gægjugatinu.

Það var á sjötta degi að ég heyrði prestinn laumast til að drekka í rökkrinu. Við toguðumst á um rauðvínsflösku sem hann hafði fundið einhvers staðar í ruslinu. Ég skipti því sem eftir var af matnum og bannaði honum að borða meira þann daginn.

En síðar sama dag reyndi hann aftur að ræna af vistunum. Hann grátbað og betlaði sáran í fyrstu en svo fór hann að hóta mér og hækka röddina.

„Þegiðu!“ hvæsti ég skelfingu lostinn. Ég óttaðist að Marsbúarnir myndu heyra til okkar.

„Nei!“ hrópaði hann. „Ég verð að tala! Ég verð að bera vitni!“

Hann sleit sig lausan og færði sig fjær. Áður en hann var hálfnaður yfir eldhúsgólfið greip ég kjötexi sem hékk þar á vegg. Ég réðist að honum og sló hann í höfuðið með axarskaftinu. Hann féll við og lá kyrr. Skyndilega heyrði ég hljóð að utan.

Ég leit upp og sá langan þreifara flutnings-vélarinnar birtast við gægjugatið og svo birtist annar þreifari. Gegnum holuna í veggnum sá ég greinilega inn um glerið á vélinni. Dökk augu Marsbúans blikuðu þar fyrir innan. Hann stýrði málmþreifaranum sem liðaðist gegnum ruslið í eldhúsinu uns hann snerti við höfði prestsins.



Ég var viss um að þreifarinn myndi skynja sárið á enni hans og þar með uppgötva að einhver annar væri hér í felum.

Þreifarinn færði sig frá prestinum og kom í áttina til mín. Hann snerti við skónum mínum.

Ég var að því kominn að öskra en beit á jaxlinn og nötraði af skelfingu. Um stund var þreifarinn kyrr en svo liðaðist hann til baka.

Ég kvaldist af hungri og þorsta í langan tíma. Loks tókst mér að telja í mig nægan kjark til að leita að einhverju ætilegu. En ég fann hvorki mat né vatn. En mér til mikillar furðu tók ég eftir að rauðar renglur af illgresi höfðu vaxið yfir holuna í veggnum, svo birtan að utan fékk á sig blóðlitan bjarma.

Ég lagði við hlustir en engin hljóð bárust frá gryfjunni. Loks áræddi ég að færa mig nær holunni og líta út. Það var ekkert að sjá í gryfjunni, fyrir utan nokkrar

krákur sem kroppuðu skinin bein þeirra manna sem Marsbúarnir höfðu nærst á. Ég starði um stund og átti bágt með að trúa eigin augum. Allar vélar voru horfnar.

Ég þrýsti mér í gegnum rautt illgresisþykknið, steig upp á grjóthrúgu og leit í kringum mig. Nærliggjandi hús voru hrunin og gróðurinn breiddi úr sér yfir rústirnar, eldrauður og óraunverulegur líkt og landslag á annarri plánetu.

Ég hélt áfram og ruddist gegnum hnédjúpa gróðurflækjuna. Í einum garðinum fann ég nokkra lauka og handfylli af hálfvöxnum gulrótum. Svo tók ég stefnuna á Lundúnir og fetaði mig gegnum þétta rauða gróðurflækjuna.

Ég kom að Putney, þá Richmond og sá að Thames-dalur hafði umbreyst í eldrauða mýri. Við sólsetur kom ég að ánni. Hvergi var mann að sjá og allt var dauðahljótt.

Ég komst að því síðar að rauða mýrin var lokastigið á vexti þessa rauða illgresis sem hafði borist með Marsbúunum. Gróðurinn hafði nú lotið í lægra haldi fyrir jarðneskum bakteríum, sem lögðu hann jafn hratt að velli og hann hafði vaxið áður. Rauða illgresið var byrjað að rotna. Laufin fölnuðu og skruppu saman uns þau urðu að dufti við minnstu snertingu. Áin, sem í fyrstu hafði örvað vöxt plöntunnar, flutti nú leifar hennar til hafs.

Þegar á leið óttaðist ég að gervöllu mannkyni hefði verið eytt af yfirborði jarðar, að ég einn væri eftir. Höfðu Marsbúarnir tortímt öllum nema mér einum?

Þá nótt kom ég mér fyrir í rústum af krá nokkurri. Þegar birti af degi fann ég músétinn

brauðhleif í húsi skammt frá, ásamt tveimur dósum af niðursoðnum ananas. Þetta hámaði ég í mig.

Þrennt var mér efst í huga: drápið á prestinum, hvar Marsbúarnir væru niðurkomnir og örlög eiginkonu minnar.

Ég reyndi að réttlæta nauðsyn þess að þagga niður í prestinum. Það hafði ekki verið ætlun mín að drepa hann. En það voru engin vitni. Þá leiddi ég hugann að Marsbúunum og örlögum konu minnar, en um Marsbúana vissi ég ekkert og enn síður hafði ég hugmynd um hvað orðið hafði um konuna mína.

Þegar ég hugleiddi það sem mannkynið hafði nú mátt þola, fannst mér að við gætum dregið dýrmætan lærdóm af innrásinni – nú ættum við að skilja betur þjáningar hinna umkomulausu, bæði dýra og manna, sem líða fyrir ofbeldi af okkar hendi.

Ég gekk eftir brúnni yfir til Fulham. Í bakaríi fann ég hart og myglað brauð en gerði mér það að góðu. Hvarvetna gekk ég fram á mannslík sem höfðu legið þar dögum saman svo ég flýtti mér á brott.

Því nær sem ég færðist Lundúnaborg, því dýpri varð kyrrðin.

Í Suður-Kensington heyrði ég fyrsta vælið. Svo hljómuðu þau á víxl, kjökrandi og eintóna, „Úlla! Úlla!“

Ég hélt áfram að Kensington-garði og furðaði mig á þessu dapurlega voli. Háreist húsin voru auð og tóm og fótatak mitt bergmálaði í götunni. Nærri garðshliðinu lá strætisvagn á hliðinni og hvítnöguð beinagrind af hrossi.

„Úlla! Úlla!“ kveinaði röddin, sem virtist eiga upptök sín nálægt Regent-garði.

Ég var sárfættur og uppgefinn af þreytu. Hvers vegna vafraði ég hér um, í borg dauðans? Einmanaleikinn heltók mig. Ofan af Baker-stræti blasti málmrisi Marsbúanna við mér og gnæfði

yfir trén. Hin ömurlegu kvein virtust koma frá honum. Ég fylgdist með honum um stund en hann hreyfðist ekki.

Ég flýtti mér í átt að Primrose-hæð. Þar kom ég auga á annan risa, sem stóð kyrr eins og hinn í garðinum. Kveinið hætti skyndilega og þögnin sem fylgdi í kjölfarið var þrúgandi.

Efst uppi á Primrose-hæðinni gekk ég fram á þriðja risann, hreyfingarlausan líkt og hina tvo. Brjálæðislegri hugmynd laust niður í huga mér. Kannski ég ætti að binda enda á þjáningar mínar nú þegar – hverju hafði ég að tapa? Ég gekk rösklega að málmrisanum, en þegar ég kom nær varð ég fyrst var við krákurnar sem hringsóluðu um höfuð hans.

Ég fann ekki til ótta á meðan ég hljóp að tröllinu, heldur ofsalegum fögnuði. Efst uppi á vélarhlífinni héngu máttlausir angar af brúnleitu holdi, sem soltnar krákurnar kroppuðu með hvössum goggum sínum.

Þegar ég leit í kringum mig, ofan af hæðinni, sá ég vélmenni á stangli, flutningsvélar og meira en fimmtíu Marsbúalík. Nú vitum við, auðvitað, að Marsbúarnir féllu fyrir sama óvini og rauða illgresið þeirra: jarðneskum bakteríum sem þrífast ekki á Mars. Þegar mannskepnan hafði beitt öllum sínum fullkomnu tólum og tækjum án árangurs, voru það hinir minnstu meðbræður okkar, bakteríurnar, sem felldu óvininn.

Bakteríur hafa drepið menn frá því að lífið hófst á jörðu hér. En í tímans rás hefur mannkynið þróað með sér mótefni. En það eru engar bakteríur á Mars, svo um leið og

Marsbúarnir réðust að okkur, hófu hinir ósýnilegu bandamenn okkar sína eigin innrás í líkama þeirra og höfðu sigur að lokum.

Dögum saman ráfaði ég um Lundúnaborg, vitstola og örvinglaður. Þegar ég kom til sjálfs mín var ég í húsi hjá góðu fólki, sem hafði fundið mig á þriðja degi rænuleysis míns, ráfandi um göturnar við skóg heilags Jóhannesar, kjökrandi og þvaðrandi án afláts. Þau sögðu mér að ég hefði verið að syngja bjánalegt lag sem var eitthvað á þessa leið: 'Síðasti maður á lífi er glaður! Húrra!'

Ég þakkaði þeim alla góðmennsku og þá vinsemd sem þau höfðu auðsýnt mér og kvaddi, staðráðinn í að komast aftur heim. Á brautarstöðinni í Waterloo voru nokkrar lestir aftur komnar á sporið. Ég fann tóman vagn og sat þar einn og horfði á sólina gylla rústirnar sem liðu fram hjá glugganum. Viðgerð stóð yfir á Woking-stöð, svo ég stökk frá borði við Byfleet og gekk það sem eftir var leiðarinnar. Ég kom þar sem ég hafði séð fyrsta vélmennið og fann hestvagninn í molum og beinagrindina af hestinum.

Loks kom ég að húsi mínu og staulaðist inn í anddyrið. Ég gekk inn á skrifstofuna, þar sem allir pappírar mínir lágu óhreyfðir á skrifborðinu, eins og ég hafði skilið við þá, rétt áður en fyrsta hylki Marsbúanna opnaðist. Í borðstofunni fann ég uppþornað brauð og úldinn kjötbita. Heimili mitt var dapurleg auðn. Þetta er tilgangslaust, sagði rödd í höfði mér. Húsið er í rúst og hingað hefur enginn komið svo dögum skiptir. Hvað er fengið með því að dvelja hér lengur?

Ég sneri mér að dyrunum, sem voru opnar út í garðinn. Þar stóðu frænka mín og eiginkona, undrandi og skelfdar – konan mín náföl og með tárin í augunum. Hún stundi lágt.

„Ég kom til baka,“ sagði hún. „Ég vissi, ég vissi!“

Hún bar höndina að hálsinum og var næstum fallin í yfirlið. Ég hljóp til og greip hana í fang mér.

Nú eru sex ár liðin frá þeim hörmungum sem ég hef nú skrásett. Einstaka sinnum fer ég til Lundúna og fylgist með mannfjöldanum á Fleet-stræti eða á Strand. Þá finnst mér stundum eins og afturgöngur vafri um þær sömu götur og ég hafði gengið um áður, mannlausar og hljóðar. Það er skrýtið að standa á Primrose-hæð og fylgjast með fólki á skemmtigöngu eins og ekkert hafi í skorist, að sjá forvitna áhorfendur hópast kringum málmrisa Marsbúanna, sem stendur þar enn.

En undarlegast er þó að halda í hönd elskulegrar eiginkonu minnar og hugsa til þess að við vorum bæði sannfærð um að við myndum aldrei sjást framar.

Nú veit mannkynið að jörðin okkar er ekki í öruggu skjóli; við getum aldrei vitað fyrir víst hvenær verur utan úr geimnum, góðar eða illar, muni sækja okkur heim. En þrátt fyrir það hefur innrásin frá Mars ef til vill orðið okkur til góðs. Við höfum að vísu



verið svipt sjálfsörygginu, en fullvissa um eigið ágæti er líka orsök allrar hnignunar. Framlag innrásarinnar til þróunar vísindanna er hins vegar ómetanlegt. Hún hefur líka opnað augu okkar fyrir þeirri nauðsyn að gegn slíkri ógn verður mannkynið að standa saman sem einn maður.

MEIRA UM SÖGUNA

Sígildar sögur

- Þessi útgáfa af *Innrásinni frá Mars* er endursögn á meistaraverki H.G. Wells. Ef þig langar til að lesa skáldsöguna í fullri lengd og allri sinni dýrð eru margar útgáfur í boði á frummálinu, hvort sem um er að ræða ódýrar pappírskiljur eða vandaðar innbundnar harðspjaldabækur. Það er auðvelt að finna eintak á næsta bókasafni, í bókabúð eða á Netinu.

Það sem upp á vantar.

Þegar um stutta endursögn er að ræða er því miður nauðsynlegt að fella burt stóran hluta af sögunni. Margir spennandi viðburðir, hliðarsögur og ótal smáatriði hafa þurft að víkja. Sumt af því efni er mikilvægt fyrir aðalsöguna, annað síður mikilvægt, en allt eru það samt sem áður spennandi hlutar af heildarverkinu. Sums staðar hefur verið nauðsynlegt að fella tvo atburði saman í einn, eða gefa einni persónu orð og athafnir sem tilheyra öðrum persónum í frumverkinu. Stiklurnar hér á eftir fylla upp í myndina að nokkru, en ekkert kemur í stað þess að lesa og lifa sig inn í heildarverkið frá upphafi til enda.

- Wells lýsir aðstæðum á Mars í smáatriðum og sögumaður heimsækir vin sinn, stjörnufræðinginn Ogilvy, á stjörnuathugunarstöð hans. Þar verða þeir

vitni að þremur ljósdeplum sem berast frá Mars, en stjörnufræðingurinn hefur ekki trú á að lífverur frá Mars séu að undirbúa innrás.

- Við komumst að því hvað gerist í Lundúnum frá sjónarhorni yngri bróður sögumanns. Hann les um innrásina í dagblöðum og verður vitni að því þegar flóttamenn hópast til borgarinnar. Íbúar Lundúnaborgar fyllast skelfingu þegar fréttir berast af hinum svörtu eiturgufum.

- Íbúar borgarinnar flýja og margir troðast undir í mannhafinu sem fyllir lestarstöðvarnar. Lestarstjórar neita að snúa aftur til borgarinnar og fólk flýr norður á bóginn, undan svörtum eiturmekkinum, á reiðhjólum, bílum og tveimur jafnfljótum.

- Bróðir sögumanns gerir tilraun til að yfirgefa borgina og fær far á gufuskipi sem siglir í austur. Þar sér hann málmrisa Marsbúanna í fyrsta sinn, sem stikar eftir strandlengjunni og eyðileggur skip og báta. Bróðirinn fylgist með þegar öflug fallbyssuskot frá herskipi fella risa Marsbúanna.

- Stórskotaliðshermaðurinn fylgir sögumanni að húsi þar sem hann hefur grafið djúpa holu svo hann komist í neðanjarðargöngin undir Lundúnaborg. Sögumanni finnst þetta fráleit aðgerð og enn fráleitari stórhuga hugmyndir hermannsins um hvernig best væri að verjast Marsbúunum. Sögumaður yfirgefur hermanninn, fullur fyrirlitningar, og heldur áfram til Lundúna.

- Þegar sögumaður hefur orðið vitni að ‘dauða’ þrífótarins á Primrose-hæð ranglar hann um, viti sínu fjær, í tvo daga. Þá er honum bjargað í hús af góðu fólki, áður en hann heldur heim á leið. Við sögulok veltir sögumaður því fyrir sér hvort Marsbúarnir hafi einnig lent á Venusi og íhugar hvort þeir muni ef til vill gera aðra tilraun til innrásar á plánetu okkar.

Bakgrunnur sögunnar

Herbert George Wells (1866–1946) var afkastamikill rithöfundur og einn fyrsti rithöfundurinn til að semja sögur sem síðan hafa verið kallaðar vísindaskáldsögur.

Því miður hafa fáar bækur hans verið þýddar á íslensku og er þessi bók fyrsta íslenska þýðingin á *Innrásinni frá Mars*, ef frá er talin útgáfa á *Sígildum sögum með myndum* sem fyrst kom út hér á landi árið 1956 en bókaútgáfan Tákn endurútgaf 1987.

Aðrar bækur Wells sem til eru á íslensku eru *Tímavélin*, í þýðingu Magnúsar Jónssonar og Sveins Sigurðssonar. Bókaútgáfan Hildur í Reykjavík gaf út árið 1967, en 1924 hafði sagan birst í tímaritinu *Eimreiðinni*.

Árið 1918 gaf Gutenberg í Reykjavík út bókina *Land blindingjanna og aðrar sögur* en þar eru tvær smásögur eftir Wells, titilsagan og ‘Fjársjóðurinn í skóginum’.

Ósýnilegi maðurinn kom út hjá bókaútgáfunni Esju árið 1935; *Í undirdjúpunum* kom út hjá Ísafold árið 1922, og í þeirri bók er einnig smásagan ‘Eplið’. Nokkrar smásögur

Wells hafa birst í ýmsum tímaritum, eins og ‘Ástarperlan’, ‘Guðinn gleraugna-Jói’, ‘Landslagið var lifandi’ og ‘Stjarnan’.

Veraldarsaga er sagnfræðirit eftir Wells, sem Menningarsjóður gaf út árið 1938, í þýðingu Guðmundar Finnbogasonar.

H.G. Wells var uppi á tímum mikilla breytinga. Bretland Viktoríutímans var mikið heimsveldi og réð yfir mörgum ólíkum löndum. Það hafði öflugan land- og sjóher sem varði mörk heimsveldisins og réð niðurlögum óvina þess hvarvetna. En þrátt fyrir vald sitt og herstyrk höfðu Bretar Viktoríutímans áhyggjur af innrásum. Um aldamótin 1900 endurspeglaðist þessi ótti í mörgum skáldsögum og smásögum, sem fjölluðu um innrás frá meginlandi Evrópu, aðallega frá Frakklandi og Þýskalandi.

Wells langaði að vekja athygli á því að það var ekki aðeins breska heimsveldið sem væri í hættu, heldur gæti jarðarbúum öllum stafað ógn af annars konar lífverum, sem væru sjálfar að berjast fyrir lífi sínu og tilveru.

Innrásin frá Mars sýnir glöggt hversu brothættar hugmyndir okkar eru um samfélag, menningu og jafnvel mannúð þegar útrýming mannkyns blasir við.

Sumir hafa fullyrt að skáldsagan væri gagnrýni á stjórnunarhætti breska heimsveldisins á Viktoríutímanum. Þannig megi sjá Marsbúana sem eins konar heimsvaldasinna sem taka yfir lönd sem þeir eiga ekkert tilkall til. Þar sem Wells sjálfur var félagshyggjumaður, barðist fyrir jafnrétti milli manna og var svarinn

andstæðingur bresku heimsvaldastefnunnar, er ekki ólíklegt að þessi skýring eigi við rök að styðjast.

Innrásin frá Mars var ein af fyrstu skáldsögunum sem fjölluðu um innrás geimvera til jarðar. Á Viktoríutímanum voru ekki margir sem trúðu á líf á öðrum hnöttum – það var talið alveg óhugsandi að menn gætu nokkurn tímann flogið til tunglsins. En Wells lét sér ekki bara nægja að ímynda sér hvernig líf hefði þróast á Mars, heldur lagði hann nýjustu vísindarannsóknir til grundvallar skrifum sínum um hvernig þær lífverur gætu mögulega litið út. Hann gerði ráð fyrir þeim möguleika að erfiðar aðstæður á 'rauðu plánetunni' hefðu neytt Marsbúa til innrásar á jörðu.

Eftir að skáldsaga hans kom út hafa margir höfundar skrifað um innrásir utan úr geimnum. Sumir rithöfundar hafa jafnvel haldið áfram með söguna, þar sem Wells setti punktinn, en látið sögur sínar gerast í öðrum löndum. En ekki eru allar vísindaskáldsögur uppfullar af illum innrásarherjum; margar segja frá heimsókn friðsamra geimvera til jarðarinnar. Og enn eru vísindaskáldsögur sem fjalla um menn sem ferðast til annarra pláneta – þar sem þeir eru geimverurnar. Wells skrifaði einnig söguna *Landnámsmenn tunglsins* (The First Men in the Moon), þar sem mennskir geimfarar ferðast til tunglsins og komast í kast við lífverur sem hafa útlit skordýra og kallast Selenítar.

Viltu vita meira?

Við mælum með eftirtöldum bókum, vefsíðum og kvikmyndum ef þig langar til að kafa betur ofan í sögu H.G. Wells og öðlast dýpri skilning á höfundinum, öðrum verkum hans og heimsmynd.

Bækur á ensku

H.G. Wells, *Selected Short Stories*, Penguin, 1989.
J.D. Beresford, *H.G.Wells*, Dodo Press, 2007.
Kevin J. Anderson, *War of the Worlds: Global Dispatches*, Bantam, 1996.
Ann Kramer, *Victorians (Eyewitness Guides)*, Dorling Kindersley, 1998.
John Christopher, *The Tripods Trilogy*, Puffin Books, 1984.
Terry Deary, *Vile Victorians (Horrible Histories)*, Scholastic, 1994.

Vefsíður

www.hgwellsusa.50megs.com
Vefsíða H.G. Wells Society með upplýsingum um ævi rithöfundarins, verk hans og hugmyndir.
www.victorianweb.org
Mikið af áhugaverðum upplýsingum um allar hliðar lífsins á Viktoríutímanum, þar á meðal um bókmenntir, mannkynssögu og menningu.
www.war-ofthe-worlds.co.uk
Ítarlegar upplýsingar um allar birtingarmyndir skáldsögunnar *Innrásin frá Mars* – um bækur, kvikmyndir, teiknimyndasögur og margt fleira.
www.kirjasto.sci.fi/hgwells

Vefsíða um skáldsögur og rithöfunda með ritgerðum um H.G. Wells ásamt lista með öllum útgefnum verkum hans.
http://drzeus.best.vwh.net/wotw/wotw.html
Skemmtileg vefsíða um ólíkar útgáfur á *Innrásinni frá Mars* í mismunandi löndum.

Kvikmyndir

- *The War of the Worlds,* frá árinu 1953 í leikstjórn George Pal. Sagan er látin eiga sér stað í Bandaríkjunum árið 1950 og er aðeins lauslega byggð á skáldsögunni. Marsbúarnir eru á fljúgandi diskum en nota ekki þrífætur. Í lokin eru það samt sem áður bakteríurnar sem sigra innrásarherinn.

- *The War of the Worlds*, frá árinu 2005 í leikstjórn Steven Spielberg. Þessi útfærsla er líka staðsett í Bandaríkjum nútímans og fylgir eftir föður (Tom Cruise) sem reynir að bjarga fjölskyldu sinni frá innrásarher Marsbúa.

- Árið 1938 sló *Innrásin frá Mars* rækilega í gegn í Bandaríkjunum, þegar leikstjórinn Orson Wells flutti söguna sem útvarpsleikrit. Framsetningin var svo trúverðug að fjöldi manns hélt að um raunverulega innrás Marsbúa væri að ræða og varð vitstola af hræðslu.

- Loks má nefna söngleik eftir Jeff Wayne sem byggður er á skáldsögu Wells, *Innrásin frá Mars*, og kom út á hljómplötu árið 1978. Söngleikurinn náði gríðarlegum vinsældum og hefur margoft verið endurútgefinn

og loks settur á svið víða um heim. Söngleikurinn var fluttur í fyrsta skipti á Íslandi í Háskólabíói árið 2006, með Sinfóníuhljómsveit Íslands ásamt helstu rokktónlistarmönnum og söngvurum landsins.

Pælingar

Hér eru nokkur atriði til að pæla í ef þú ert að lesa *Innrásina frá Mars* með sjálfum/sjálfri þér, eða atriði til að ræða um, ef þú ert að lesa söguna með vinum eða félögum.

Í þessari endursögn hefur verið reynt að endurskapa eftir bestu getu upprunalegan söguþráð og persónur sem höfundurinn skóp. En mundu að þetta er ekki upphaflega verkið. Ef þú hugleiðir punktana sem hér fara á eftir gætir þú fengið dýpri skilning á vinnubrögðum H.G. Wells. En til að komast betur inn í söguna er einfaldast að dýfa sér beint ofan í *Innrásina frá Mars* í fullri lengd, gleyma sér við pælingar höfundar um vísindin sem að baki liggja, eða skrúfa bara frá ímyndunaraflinu og sökkva sér á bólakaf í þessa stórfenglegu sögu.

Punktar

- Hvers vegna ákváðu Marsbúar að ráðast til jarðar?
- Stjörnufræðingurinn Ogilvy sá ‘stjörnuhrap’ – en hvað hélt hann að það væri?

- Hver var ástæðan fyrir því að sögumaðurinn ákvað að snúa aftur í heimabæ sinn með hestinn og vagninn?
- Hvor persónan finnst þér áhugaverðari, presturinn eða hermaðurinn? Hvers vegna?
- Er eitthvað í þessari sögu sem fyllir þig ótta eða kvíða? Ef svo er, hvers vegna þá og hvernig upplifirðu það?
- Hvaða eiginleika finnur þú í persónu sögumannsins?
- Þegar sögumaður hugsar um það áfall sem mannkynið hefur orðið fyrir, hvað finnst honum um þá sem líða þjáningar af völdum mannkynsins?
- Hver eru viðbrögð sögumannsins þegar hann kemur að lestarstöðinni í Waterloo og sér að hættan er liðin hjá?

Þættir

Hvað finnst þér H.G. Wells vera að benda á með eftirfarandi þáttum í *Innrásinni frá Mars*?

- innrás
- sjálfsbjargarviðleitni
- mannúð
- örlög
- heimsyfirráð

Frásögn og stíll

Getur þú fundið setningar eða málsgreinar sem eru dæmi um þessi stílbrögð?

- lýsing á umhverfi og andrúmslofti
- myndlíkingar til að lýsa Marsbúunum
- upphrópunarmerki til að auka áherslu
- myndmál til að gera setningar áhrifaríkari

Skoðaðu vel hvernig þessar setningar eða málsgreinar eru skrifaðar. Er eitthvað sérstakt við þær sem þú tekur eftir? Getur þú skrifað setningu eða málsgrein með því að beita sömu brögðum?

„Sagan er mjög spennandi og ég held að flestir á mínum aldri verði sammála mér.“
Ágúst Logi 14 ára.

En jörðin var ekki aðeins undir smásjá – innan tíðar myndu tröllvaxnar skepnur frá Mars gera innrás, stika á vélknúnum þrífótum yfir landið, með dauða og eyðileggingu að markmiði.

Hvernig er hægt að ráða niðurlögum innrásarhers sem beitir hitageislum og eiturgasi til þess að útrýma mannkyninu?



Þetta er saga eins manns af hinni skelfilegu innrás, allt frá því að fyrstu Marsbúarnir lenda skammt frá heimili hans og þar til Lundúnaborg er lögð í rúst.

Er hinsti dagur mannkynsins upp runninn?

Frábærar sögur, stórkostlegar persónur, ógleymanlegar bækur!

Það er auðvelt að lesa endursögn af bestu skáldsögum heimsins og uppgötva hvers vegna þær eru kallaðar ‘sígildar sögur’.

ISBN 978-9979-0-1449-2
9 789979 014492

NÁMSGAGNASTOFNUN
07042